

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna gerð myndbanda

Á fundi borgarráðs þann 26. apríl sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við gerð myndbanda sem borgarstjóri hefur látið gera á kostnað Reykjavíkurborgar í aðdraganda komandi borgarstjórnarkosninga, t.d. myndbands um borgarlínu og Miklubraut í stökk.

Svar:

Gerð myndbanda er hluti af nýrri nálgun við miðlun upplýsinga hjá borginni. Kynningarmyndband um borgarlínu var hluti af þeirri nýmiðlun þótt það hafi jafnframt verið framleitt í samráði við stjórn SSH sem kom sér saman um að efla kynningarþátt borgarlínu til að sýna með skýrum og aðgengilegum hætti tilgang verkefnisins. Kostnaður vegna gerð myndbands um borgarlínu var 722.920 kr. og mun kostnaður skiptast á milli SSH á borgarinnar. Kostnaður við gerð myndbands um Miklubraut í stökk var gerð að frumkvæði umhverfis- og skipulagssviðs en samkvæmt upplýsingum frá sviðinu var kostnaður vegna gerð myndbandsins 3.461.000 kr.

Gera má ráð fyrir að í náinni framtíð verði myndbönd notuð til þess að auka sýnileika og aðgengi að upplýsingum hjá Reykjavíkurborg. Þetta eru opinberir aðilar um allan heim að gera í auknum mæli.

Dagur B. Eggertsson

